

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 759/2009

2011/EES/5/47

frá 19. ágúst 2009

um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 2) Kerfið samanstendur af fjórum þáttum, nánar tiltekið: auðkennismerki til að auðkenna sérhvert dýr, uppfærðum skráum sem eru færðar á hverri bújörð, flutningsskjölum og miðlægri skrá eða tölvugagnagrunni. Í viðaukanum við þá reglugerð eru settar fram kröfur fyrir þessa þætti.
- 3) Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004 er sem stendur kveðið á um að ef slátra eigi dýrum fyrir 12 mánaða aldur og hvorki stendur til að eiga viðskipti með þau innan Bandalagsins né flytja þau út til þriðju landa megi nota aðferð, sem er í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. lið A-hluta viðauka við þá reglugerð, til að auðkenna þau. Í sumum tilvikum eru þó dýr, sem upphaflega voru ætluð til slátrunar, engu að síður notuð til undaneldis síðar á öðrum bújörðum en fæðingarbújörðinni. Því er heimilt að auðkenna þessi dýr hvert fyrir sig eftir að þau hafa verið flutt frá fæðingarbújörðinni, að því tilskildu að unnt sé að rekja hvert einstakt dýr til fæðingarbújarðarinnar.

- 4) Í C-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 eru settar fram þær upplýsingar sem eiga að koma fram í flutningsskjalinu Til þess að skrá einstaklingsbundinn auðkenniskóða hvers dýrs í flutningsskjalið skal lesa auðkenni hvers dýrs um sig við brottför. Auðkenni dýranna skulu lesin aftur á viðtökubújörðinni. Til þess að draga úr stjórnsýsluálagi er rétt að heimila að auðkenniskóðar dýranna séu skráðir á viðtökubújörðinni í stað brottfararbújarðarinnar, með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 5) Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að tilteknir umsjónarmenn dýra skuli sjá til þess að dýrin séu talin a.m.k. árlega. Í D-hluta viðaukans við þá reglugerð er kveðið á um að í tölvugagnagrunninum skuli vera tilteknar upplýsingar. Meðal þeirra upplýsinga eru niðurstöður talningarinnar. Til þess að draga úr stjórnsýsluálagi skal leyfðlegt að skrá ekki slíkarniðurstöður í þeim aðildarríkjum, þar sem tölvugagnagrunnurinn hefur að geyma einstaklingsbundinn auðkenniskóða fyrir hvert dýr á bújörðum, auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt D-hluta þess viðauka.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 21/2004 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 21/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 215, 20.8.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. ágúst 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 21/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað þriðja undirliðar í 7. lið A-hluta komi eftirfarandi:

„Dýr, sem eru auðkennd í samræmi við þennan lið, sem halda á lengur en til tólf mánaða aldurs eða sem ætlunin er að versla með innan Bandalagsins eða flytja þau út til þriðju landa skulu auðkennd í samræmi við 1. til 4. lið til þess að tryggja algjöran rekjanleika hvers dýrs til fæðingarbújarðar.“

2. Í stað 2. liðar C-hluta komi eftirfarandi:

„2. Frá 1. janúar 2011 skal umsjónarmaður á brottfararbújörð skrá í flutningsskjalið einstaklingsbundinn auðkenniskóða fyrir hvert dýr sem auðkennt er í samræmi við 1. til 6. lið A-hluta áður en til flutnings kemur.“

Brátt fyrir fyrstu undirgrein getur lögbært yfirvald heimilað, vegna flutninga sem tengjast ekki viðskiptum innan Bandalagsins, að skráning einstaklingsbundins auðkenniskóða fyrir hvert dýr fari fram á ákvörðunarstað fyrir hönd umsjónarmanns dýra á brottfararbújörðinni, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) að dýrin séu ekki flutt með sama flutningatæki og dýr frá öðrum bújörðum, nema hverjum hópi dýra sé haldið algerlega aðskildum frá öllum öðrum,
- b) að lögbært yfirvald hafi samþykkt að viðtökubújörðin megi skrá einstaklingsbundna kóða dýranna fyrir hönd umsjónarmanns dýra á brottfararbújörðinni,
- c) að verklagsreglur séu fyrir hendi til þess að tryggja að innan 48 stunda frá brottför:
 - i. hafi einstaklingsbundinn auðkenniskóði hvers dýrs verið skráður í samræmi við a-lið 2. liðar B-hluta í skrá bújarðar fyrir brottfararbújörðina,
 - ii. fái lögbært yfirvald upplýsingarnar sem varða flutninginn til að uppfæra tölvugagnagrunninn í samræmi við 2. lið D-hluta.“

3. Í stað f-liðar í 1. lið D-hluta komi eftirfarandi:

„f) niðurstöður dýratalningarinnar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., og talningardagur, nema í aðildarríkjum þar sem miðlægur tölvugagnagrunnur hefur að geyma einstaklingsbundna auðkenniskóðann fyrir hvert dýr sem haldið er á bújörð.“
